



Þingtíðindi

**frá 29. þingi LÍV á Akureyri
16. - 17. október 2015**

**Landssamband ísl. verzlunarmanna
30. þing á Akureyri 13. - 14. október 2017**

29. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna var haldið á Hótel KEA, Akureyri dagana 16. - 17. október 2015. Til þings voru boðuð 12 verslunarmannafélög og deildir verslunarmanna með 34.217 félagsmenn innan sinna vébanda. Kjörbréf bárust frá 10 félögum og deildum.

DAGSKRÁ ÞINGS

Föstudagur 16. október

- kl. 10.00 Þingsetning**
Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV
- Ávarp**
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
- Álit kjörbréfanefndar**
- Kosning 2ja þingforseta og 2ja ritara**
- Að læra til starfs í vinnunni**
Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins
- Vinnan og heilsan**
Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs
- kl. 12.00 Hádegisverður**
- kl. 13.30 Kjarasamningar**
Vinnumarkaðsmódel, samningalíkan og samfélagsgerð
Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ
Hver er lærdómur síðustu kjarasamninga og hvert stefnum við?
Sigurður Bessason, formaður Eflingar
Hefur kjarasamningagerð breyst á síðustu árum?
Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramálasviðs VR
- kl. 15:00 Kaffihlé**
- kl. 15:30 Starfsemi starfsmenntasjóðanna og reikningar**
Teitur Lárusson, formaður Starfsmenntasjóðs SVS
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, formaður Starfsmenntasjóðs SV
- kl. 16:00 Nefndastörf**
Kjara- og efnahagsnefnd
Nefnd um starfsmenntamál
- kl. 19.30 Móttaka á vegum bæjarstjórnar Akureyrar**
- kl. 20:00 Kvöldverður á Hótel KEA í boði LÍV**

Laugardagur 17. október

kl. 09.00 Nefndastörf

kl. 10.00 Skýrsla stjórnar LÍV 2013 - 2015
Ársreikningar LÍV 2013 og 2014
Fjárhagsáætlun LÍV
Ákvörðun um skatt til LÍV
Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV
Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR

kl. 10:45 Samfélagsábyrgð fyrirtækja, stéttarfélaga og félagsmanna
Ketill B. Magnússon, framkvæmdastjóri Festa, miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð

Álit nefnda

kl. 12.30 Hádegisverður

kl. 13.30 Kosningar til 2ja ára
Formaður LÍV
Aðal- og varamenn í stjórn LÍV
Kjörnefnd

Álit nefnda frh. – umræður og afgreiðsla

Önnur mál

kl. 16:00 Þingslit

ÞINGIÐ SETT



Lýsti hann 29. þingi Landssambands Íslenskra verzlunarmanna sett.

Áður en formleg dagskrá hófst var boðið upp á tónlistaratriði, söngkonan Rán Ringsted flutti nokkur lög, Baldvin Ringsted spilaði undir á gítar. Formaður LÍV, Guðbrandur Einarsson, setti þingið og bauð þingfulltrúa velkoma, hann fór yfir stöðu kjaramála síðustu tveggja ára og benti á að á þeim tíma sem liðinn væri frá síðasta þingi hafi verið skrifað undir tvo kjarasamninga, sá síðari átti að gilda til ársins 2018. Líkur væru hins vegar á að sá samningur yrði skammtímasamningur, sá annar í röðinni. Það væri mikil vinna framundan að halda í þau verðmæti sem í kjarasamningnum fælust og að verslunarmenn muni ekki gefa þumlung eftir í því að verja stöðu okkar fólks, að það sitji við sama borð og aðrir þegar kemur að því að útdeila því sem til skiptanna er.

ÁVARP

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ ávarpaði þingið. Fór hann yfir norrænu samfélagsgerðina sem byggir á þeirri sýn að nota hagvöxt og aukna verðmætasköpun til þess að bæta lífskjör og tryggja jöfnuð, að aukin verðmæti séu sótt í aukinn útflutning og afgangur á viðskiptum við útlönd sé forsenda fyrir aukinni velsæld. Samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina eru lykilatriði og á henni byggir samningamódelið. Það þurfi að ríkja samstaða og sameiginlegur skilningur á því að skipta verði auknum verðmætum með sanngjörnum hætti, með áherslu á bætt lífskjör, jöfnuð og traust velferðarkerfi, að sátt sé um að það sé jöfnuður og réttlát tekjuskipting; allir leggi til eftir getu og fái notið eftir þörfum

Aðfararsamningurinn á vetrarsólstöðum 2013 var á þessum forsendum. Aðgerðin tókst að því leiti að verðbólga á árinu 2014 var lægri en verið hefur um árabíl. Aðgerðin mistókst að því leiti að háskólahóparnir hjá ríki og sveitarfélögum lýstu tekjujöfnunarstefnunni stríð á hendur. Nú virðast aðildarfélög BSRB hafi yfirgefið þessa stefnu sem við stóðum sameiginlega að í ársbyrjun 2014 og færa rök fyrir því að það eigi almennt að hækka laun allra opinberra starfsmanna meira en launafólk á almennum vinnumarkaði og að það sé ekki lengur krafa um að hækka beri þá tekjulægstu hlutfallslega meira en þá sem betur mega sín.

Mikill ágreiningur er milli ólíkra tekjuhópa og allir virðast stefna á „leiðréttingu“ sinna mála. Ekki séu forsendur fyrir nýju líkani, ef það þýðir tugprósenta launahækkanir opinberra starfsmanna umfram almenna markaðinn. Hvernig ætlar verkalýðshreyfingin að bregðast við þessari stöðu? Líklega mun koma til uppsagnar kjarasamninga í febrúar. Er hreyfingin undir það búin? Svona átök vinnast aðeins með samtöðu.

Gylfi óskaði þinginu velfarnaðar í störfum sínum og sagðist hlakka til að sjá framlag LÍV til okkar mikilvægu baráttu!



STARFSMENN ÞINGSINS

Forseti þingsins var kjörin Ólafía B. Rafnsdóttir og Eiður Stefánsson til vara.

Ritarar þingsins voru kjörnir Kristín María Björnsdóttir og Benóný V. Jakobsson.



KJÖRBRÉFANEFND

Kjörbréfanefnd var skipuð eftirtöldum aðilum:

Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Benedikt Vilhjálmsson
Bryndís Kjartansdóttir

Ingibjörg Ósk kynnti álit nefndarinnar. Seturétt á þinginu höfðu 80 fulltrúar frá 12 aðildarfélögum. Alls bárust 78 kjörbréf frá 11 verslunarmannafélögum og deildum LÍV. Tveir boðuðu forföll. Nefndin úrskurðaði öll kjörbréfin lögmæt og lagði til að þau verði samþykkt. Tillagan var samþykkt með handauppréttingu með öllum greiddum atkvæðum.

NEFNDIR

Kjörnefnd

Sigurður Sigfússon
Guðrún B. Hallbjörnsdóttir
Einar Hjartarson
Jóna Matthíasdóttir
Hjörtur Geirmundsson
Kristín M. Björnsdóttir
Benedikt Vilhjálmsson

Nefnd um kjara- og efnahagsmál

Formaður: Guðbrandur Einarsson

Nefnd um starfsmenntamál

Formaður: Ólafía B. Rafnsdóttir

Nefndirnar voru opnar öllum þingfulltrúum.

ERINDI

Að læra til starfs í vinnunni

Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins



Ingibjörg sagði að námsframboð hafi verið lítið í verslunargreinum og ýmislegt reynt sem ekki hafi gengið eins vel og menn vonuðu. Á Íslandi væri mikið brottfall úr framhaldsskólum, innan skólanna er talað um brotthvarfsnemendur. Þessir aðilar hætta ekki að læra heldur hætta þeir í skóla og velja að læra í vinnunni. Í vinnunni eru margar áskoranir og þeir sem standa sig vel fá aukna ábyrgð og geta unnið sig upp. Þetta er hin svokallaða starfsþróun þar sem starfsmaðurinn hefur lært til starfa en fær ekki staðfestingu á náminu. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð 2003 til að vinna í málefnum fullorðins fólks á vinnumarkaði sem hefur ekki lokið framhaldsskóla, meðal annars með það í huga að meta þekkingu

sem verður til á vinnustað.

Framhaldsfræðsla: Boðið er upp á námsleiðir sem eru metnar til eininga á framhaldsskólastigi, raunfærnimati og náms- og starfsráðgjöf.

Við raunfærnimat er samanlögð færni einstaklings til starfsins metin. Raunfærnimat hefur verið 10 ár í þróun en yfir 3000 einstaklingar hafa farið í gegnum matið til verslunar- skrifstofu- og tölvunáms. Hæfnigreiningar eru undirstaða raunfærnimats og er ávinningur þess staðfesting þekkingar fyrir starfsmenn og fyrirtækin og þannig hægt að setja starfsmann á réttann stað. Könnun á raunfærnimati sem Capacent gerði kom mjög vel út. Verslunarmenn eru með forystu varðandi raunfærnimat. Verslunarmenn hafa forystu á þessu sviði með bókunum í kjarasamningi um raunfærnimat. Staðfesting á grundvelli raunfærnimats ætti að hafa sama gildi og próf úr skóla.

Vinnan og heilsan

Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs

Vigdís rifjaði upp að VIRK-Starfsendurhæfingarsjóður væri sjálfseignarstofnun, sem hafi upphaflega verið stofnuð af ASÍ og SA í maí 2008. Í janúar 2009 var undirrituð ný stofnskrá sjóðsins með aðkomu stéttarfélaga og atvinnurekanda á opinberum vinnumarkaði.

Á árinu 2014 voru 18.000 einstaklingar á endurhæfingar- eða örorkulífeyri, það er fjölgun um 10 þúsund manns á síðustu 20 árum. Um 1.300 nýir einstaklingar fara á örorkulífeyri á hverju ári og veldur þessi þróun samfélagslegu tjóni vegna minni verðmætasköpunar, hærri ríkisútgjalda og skerðingar ellilífeyris frá lífeyrissjóðum.

Aðilar vinnumarkaðarins - atvinnurekendur, stéttarfélög og lífeyrissjóðir bera ábyrgð á 80% framfærslugreiðslna til einstaklinga fyrstu 5 árin í veikindum.

Hlutverk VIRK er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa. Markmið VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að einstaklingar hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku.

Virk hefur lögbundið hlutverk (lög nr. 60/2012.) Áhersla er lögð á að á að koma snemma að málum. Snemmbært inngrip í starfsendurhæfingu getur aðeins átt sér stað í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins hér á landi.

Vinnan skapar tekjur, eykur sjálfstæði, tryggir félagsleg tengsl og félagslega stöðu. Hún er stór þáttur í sjálfsmynd einstaklinga, setur skipulag á daglegt líf og er tækifæri til að gera hluti sem fólk metur mikilvæga. Vinna er heilsubætandi. Að vera frá vinnu ógnar heilsu og lífsgæðum meira en margir lífshættulegir sjúkdómar. Ungir menn sem hafa verið án vinnu í 6 mánuði eru 6 sinnum líklegri en aðrir til að taka sitt eigið líf.



Grunnforsenda fyrir þjónustu VIRK er að til staðar sé heilsubrestur sem skerðir starfsgetu viðkomandi einstaklings. Þjónustan miðar að því að auka vinnugetu og er ætluð þeim sem stefna aftur á vinnumarkað. Einstaklingur þarf að hafa bæði vilja og getu til að taka fullan þátt í þjónustunni og fara eftir þeirri áætlun sem gerð er, ef vilji og/eða geta er ekki til staðar þá er þeim vísað annað, þeir geta síðan komið aftur þegar þeir eru tilbúnir. VIRK hefur starfað í sjö ár og er þörfin mikil. Starfið byggist á miklu samstarfi, aðkomu margra aðila, ferlið er orðið markvissara og það gengur betur að útskrifa.

Vigdís fór yfir umfang starfseminnar. Um 8.700 einstaklingar hafa komið til VIRK frá upphafi. Það eru 31 starfsmenn í 28 stöðugildum, 48 ráðgjafar í samvinnu við stéttarfélag um allt land, um 43 sérfræðingar í sérhæfðum matsteymum, um 20 sérfræðingar í rýniteymum, mikill fjöldi þjónustuaðila í starfsendurhæfingu. Um 500 einstaklingsmál eru rýnd í hverjum mánuði hjá VIRK af þverfaglegum teymum og um 200 mót eru framkvæmd í hverjum mánuði. Þjónustan er dreifð, víðtæk, viðkvæm og krefst samstarfs og samvinnu við flestar stofnanir og fagaðila velferðarkerfisins

Fjöldi félagsmanna LÍV í þjónustu frá upphafi er 1.809 einstaklingar. Flestir þeirra hafa verið að fá greiðslur frá sjúkrasjóðum stéttarfélaganna við upphaf þjónustu, það þarf að ná þessum einstaklingum fyrir inn í þjónustu VIRK.

Mikilvægt er að tengja betur veikindarétt við heilbrigðiskerfið, langur veikindaréttur á hinum opinber vinnumarkaði kemur í veg fyrir að fólk komi aftur til starfa eftir löng veikindi, erfitt að koma fólki í hlutastörf. Markviss endurhæfing á að hefjast á fyrstu 4 - 6 vikunum. Það þarf að gera rétta hluti á réttum tíma með réttum aðilum.

Verkalýðshreyfingin á að skoða málið og finna nýjar leiðir.

Þingforseti gaf orðið laust að loknum erindum.

Gylfi Arnbjörnsson bað um orðið, benti á að það skipti miklu máli að við séum með kerfi sem hjálpar okkar fólki. Hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og VIRK eru góðir fulltrúar, kerfið er gott og eigum við að vera stolt því þessi kerfi veita fólki hjálp til að öðlast sjálfstæði.



Kjarasamningar - vinnumarkaðsmódel, samningalíkan og samfélagsgerð Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Um margt ágætar horfur í efnahagsmálum, helstu áhyggjuefni eru, lausung í hagstjórn og spenna á vinnumarkaði. Seðlabankinn spáir 3% hagvexti árið 2016 og 2,8% hagvexti árið 2017, einnig er gert ráð fyrir að atvinnuleysi aukist lítillega og að kaupmáttur ráðstöfunartekna aukist um 5,1% árið 2016 og 4,7% árið 2017. Seðlabankinn spáir því að verðbólga fari upp í 3,8% árið 2016 en hafi lækkað í 3,2% í árslok 2017. Spenna er á vinnumarkaði.

Höfum verið í „höfrungahlaupi“ frá því að fjármálaráðherra og framhaldsskólakennarar höfðu launastefnu almenna markaðarins í mars 2014.

Í desember 2013 semur almennur vinnumarkaður um 3,1% hækkun til 12 mánaða. Í mars 2014 semur ríkið við framhaldsskólakennara til rúmlega 2,5 ára, um 30% hækkun. Í maí 2014 er samið við háskólakennara og að auki gengið frá ríflegum stofnanasamningi, samið við grunnskólakennara um 22-30% hækkun í rúmlega 2,5 ára samningi. Í nóvember 2014 semja prófessorar um tæplega 10% í 10 mánaða samningi. Í janúar 2015 semja læknar um 30% til rúmlega 2,5 ára. Í maí 2015 semja LÍV, SGS og Flói um 16-21% í tæplega 3 ára samningi. Í ágúst 2015 er gerðardómur í máli BHM um tæp 18% í 2,5 ára samningi og gerðardómur í máli FÍH um tæp 30% í um 4 ára samningi.

Mat hagfræðinga heildarsamtaka á vinnumarkaði er að launaþróun að undanfögnu samrýmist ekki stöðuguleika, verðbólga fer vaxandi, gengi krónunnar muni veikjast, vextir muni hækka og samkeppnisstaða landsins veikist ásamt því að viðskiptajöfnuður versni. Kaupmáttur launa muni vaxa mikið til skemmri tíma en vöxtur hans muni stöðvast og veikjast til lengri tíma með vaxandi verðbólgu.

Fyrirspurnir

Óskar Guðmundsson spyr um vinnu Salek, hversu mikill kostnaður jafni upp þessum 20% sjóðanna, hversu mikið þyrfti að skerða opinberu sjóðina.

Andri Þór Kristinnsson spyr hvort almenni vinnumarkaðurinn hafi verið hærri til lengri tíma. Greining ná aðeins aftur til 2013.

Svar: Hér eftir verður greitt það sama í lífeyrirssjóði og réttindaávinnsla héðan í frá verður sú sama án tillits til í hvaða sjóð sé greitt, sama upphæð verði greidd í sjóðina. Það þarf að hækka okkar iðgjald, breyta aldri opinberra til lífeyristöku, það mun kosta stjórnvöld um 3%. Það framlag hefur ekki verið talið sem kostnaður en okkar framlag ef hækkað verður er talið kostnaður. Tekist er á um hvaða viðmiðunarpunktur verði valinn, þarf að finna punkt þar sem jafnræði ríkir á milli hópa.

Bjarni Þór Sigurðsson spyr hvað við getum gert til að búa til samfélag jöfnuðar með tilliti til velferðarkerfis og aukinni þátttöku í greiðslu til heilbrigðiskerfis og menntunar.

Svar: Verið er að vinna að því með t.d. fræðslusjóðum og VIRK. Við setjum fram kröfur sem atvinnurekendur geta mætt. 80% af bótarétti á vinnumarkaði er í gegnum

kjarasamninga. Það eru takmörk fyrir hversu langt er hægt að ganga, þarf að fara með gát, fara ekki of langt inn á verksvið ríkisins, t.d. heilbrigðiskerfið, við viljum að velferðarkerfið sé fjármagnað af sköttum, viljum hugsa um langtímahag félagsmanna, þurfum að gera kröfu á ríkið. Til dæmis STARF sem frá okkur var tekið, við hættum ekki fyrr en við fáum það aftur.

Dóra Magnúsdóttir spyr hvort raunhæft sé að búast við og gera ráð fyrir stöðugleika í íslensku samfélagi meðan við höfum óstöðuga krónu.

Svar: Stuttu svarið er nei, en við getum varið stöðugleika krónunnar með ábyrgð, en stjórnvöld fara alltaf út af sporinu. Það þarf aga frá aðilum vinnumarkaðar og stjórnvalda.



Hver er lærdómur síðustu kjarasamninga og hvert stefnum við?

Stefán Sveinbjörnsson flutti erindi Sigurðar Bessasonar, formanns Eflingar v/forfalla



Það hefur aldrei áður gerst að verkamenn og verslunarmenn hafi sameinast um að ryðja brautina í kjarasamningum. Niðurstaða samninga 2013 var að semja á lágum nótum og auka kaupmátt í anda norræna móðelsins, það gekk eftir kaupmáttur óx og verðbólga fór hratt niður. Vantraust aðila var því miður of mikið og þessi tilraun gekk ekki upp, en von er til þess að aðilar nái sátt núna og við getum stefnt til breyttra tíma.

Mjög skýr framsetning á kröfum VR, LÍV og Flóans í síðustu samningum var grunnurinn að góðum kjarasamningum og samstarf þessara aðila til mikillar fyrirmyndar.

Hefur kjarasamningagerð breyst á síðustu árum?

Elías Magnússon, fagstjóri kjaramála VR

Stöndum vel og erum á svipuðum stað og Norðurlöndin hvað varðar helstu réttindum og erum við með nokkuð þróaðan vinnumarkað. Elías fór yfir það sem hefur áunnist í kjarasamningum verslunarmanna, dagvinnutími hefur verið styttr, orlof lengst, veikindaréttur aukist og Lífeyrissjóður verslunarmanna, stofnaður 1955.

Hann fór yfir sögu kjarasamninga en með þeim hefði verið samið um atvinnuleysistryggingasjóð, orlofsheimilassjóð, lágmarks hvíldartíma, barnsburðarleyfi, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum, sjúkrasjóð, uppbætur, veikindarétt barna, markaðslaun, launaviðtöl, séreignarsjóði og starfs- og endurmenntunarsjóði. Þessi réttindi sem eru talin grundvallarréttindi í dag var búið að semja um í kringum 1980. Eftir þann tíma hefur verið reynt að bæta við ýmsu til að styrkja réttarstöðu fólks, læra af vandamálunum sem upp koma við túlkun kjarasamninga og laga þau. Kjarasamningar síðustu ára hafa verið unnir þannig að hvert félag/landssamband leggur fram sínar sérkröfur og aðildarfélög ASÍ hafa verið með sameiginlegar kröfur sem skipta alla á vinnumarkaðinum máli, þetta fyrirkomulag hefur reynst vel. Kjarasamningar verslunarmanna eru að hluta undirbúnir þannig að hlustað er á félagsmenn og skráð mál sem koma upp vegna félagsmanna. Vandamálin sem upp koma hafa breyst, vinnumarkaðurinn hefur breyst í gegnum tíðina og þarf oft að bregðast við því við gerð kjarasamninga, til að tryggja rétt félagsmanna. Á síðustu árum hefur verið reynt að brjóta upp hefðbundin réttindi starfsmanna. SA hefur ekki verið þáttakandi í því nema að litlu leyti, heldur hefur vinnumarkaðurinn verið að búa sér til sveigjur, s.s. að hafa starfsmenn í óskilgreindum vinnutíma, greiða ekki rauða daga og greiða ekki almennar launahækkanir.

Það er spurning um hvort að sá tími sé komin að við þurfum að verja kjarasamninga í stað þess að sækja fram eins og við höfum sannarlega verið að gera síðustu árin. Samræma þarf kjarasamninga til að einfalda málin, er t.d. eðlilegt að vera með margar mismunandi álagsgreiðslu innan sömu vikunnar?

Samfélagsábyrgð fyrirtækja, stéttarfélaga og félagsmanna

Ketill B. Magnússon, framkvæmdastjóri Festa, miðstöðvar um samfélagslega ábyrgð.



Festa var stofnað 2011 af 6 félögum, markmiðið var að auka umræðu um samfélagsábyrgð. VR er fyrsta stéttarfélagið sem gerðist félagi en í dag er mikill fjöldi fjölbreyttra fyrirtækja félagar.

Samfélagsábyrgð er hugmyndafræði sem er að verða þekktari í íslensku samfélagi. Festa er fræðsluvettvangur um samfélagslega ábyrgð. Miðlun, viðburðir, samstarf og tengslanet,

Ketill fór yfir könnun sem var gerð á Íslandi, Danmörk og Evrópu, þar sem spurt var hvort talið væri að fyrirtæki hafi jákvæð áhrif á samfélagið. Um 45% svarenda í Íslandi telja að fyrirtæki hafi jákvæð áhrif, 25% telja að fyrirtæki hafi neikvæð áhrif, 25% svara, veit ekki. Í Danmörk telja 85% svarenda að fyrirtæki hafi jákvæð áhrif á samfélagið, 10% telja að fyrirtækið hafi neikvæð áhrif og 5% svara, veit ekki. Í Evrópu skiptist þetta í 52% jákvæð áhrif, 41% neikvæð áhrif og 7% svara, veit ekki. Ketill kynnti jafnframt veftímaritið „Sögur af samfélagslegri ábyrgð“. Tók hann dæmisögu um Lín Design.

Samfélagsábyrgð er viðhorf, það er áskorun um að horfa fram í tímann. Tengja rekstur fyrirtækja við sjálfbæra þróun, ekki aðeins hagnað. Samfélagsleg ábyrgð felst í því að fyrirtæki axli ábyrgð á áhrifum sem ákvarðanir og athafnir þess hafa á samfélagið og umhverfi.

Hvernig geta stéttarfélög haft áhrif á að fyrirtæki séu samfélagslega ábyrg? Samfélagsskýrslur eru tæki fyrir stéttarfélög og geta haft áhrif á fyrirtæki. Spyrja þarf spurninga, fara í samstarf við fyrirtæki, skoða félagið sitt, hafa áhrif út í samfélagið og finna nýjar lausnir. Stéttarfélög eru hreyfiafl í að greina áskoranir og setja þær síðan á dagskrá.

Stéttarfélög sýna samfélagslega ábyrgð með því að hlusta á félagsmenn og þróa þjónustu út frá því hverju félagsmenn þurfa á að halda. Félagsmenn geta haft áhrif sem einstaklingar.

Neytendur eru farnir að gera auknar kröfur um að fyrirtæki sem þau eiga viðskipti við, sýni samfélagslega ábyrgð í virðiskeðju sinni.

Fyrirspurnir:

Hjörtur Geirmundsson spyr hvort það séu einhver skilyrði sem fyrirtæki þurfa að uppfylla og hvað kostar að gerast aðili að Festu.

Svar: Fyrirtæki þarf að skrifa undir siðareglur Festu og fer kostnaður eftir fjölda starfsmanna. Dóra Magnúsdóttir sagði að ýmsar vottanir væru í gangi og hvort Festa veiti ráðgjöf varðandi vottanir.

Svar: Festa veitir grunnráðgjöf um hvaða vottanir hentar hverju fyrirtæki.

Birgir Már Guðmundsson spyr hvort þessi umræða sé ekki eitthvað fyrir fjölmiðla.

Svar: Festa hefur haft samband við ritstjóra fjölmiðla, þetta er að byrja en það þarf að efla fjölmiðla hvað þetta varðar.

Valur M. Valtýsson spyr hvort stóriðjan, kvótakerfið og Rio Tinto umræðan sé hluti af þessu

Svar: Kvótakerfið er talið sjálfbær leið, ríkir ekki sátt um hvernig kvótanum er deilt, stóra málið hjá stóriðjum væri umhverfismál og spurning hvort horft sé nægjanleg langt fram í tímann? Rio Tinto umræðan snýst um erlenda hluta fyrirtækisins, íslenski hlutinn er stoltur af sinni stöðu.

STARFSEMI STARFSMENNTASJÓÐA REIKNINGAR 2013 – 2014 og SKÝRSLUR 2013 - 2015

Teitur Lárusson, formaður Starfsmenntasjóðs SVS

Starfsmenntasjóður SVS var stofnaður í maí árið 2000 og skipar stjórn 6 fulltrúa, þrjá frá aðildarfélögum LÍV og þrjá frá SA. Tveir hópar sækja þjónustu sjóðsins, einstaklingar og fyrirtæki. Fór hann yfir ársreikninga og skýrslur sjóðsins. Nokkrar breytingar hafa verið á reglum um úthlutun úr sjóðnum. Um 6.000 einstaklingar fengu styrk á síðasta ári og voru greiddar um 348 milljónir í styrki. Framtíðarsýn sjóðsins er að auka hæfni og þekkingu sjóðsfélaga.

Þingforseti bar ársreikninga SVS upp til atkvæðagreiðslu og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.



Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR

Fór yfir ársreikning Starfsmenntasjóðs SV og stjórn. Um þriðjungur tekna sjóðsins situr eftir ónotaður, mikil uppsöfnun og er samstaða um að breyta reglunum til samræmis við reglur SVS. Þingforseti opnar umræður á báða sjóði.

Andri Þór Kristinsson bendir á að það vanti áritun endurskoðanda og skýringar á ársreikning SVS, ársreikningur SV er endurskoðaður frá í fyrra.

Teitur svarar því til að allar skýringar og áritun ársreiknings SVS sé í skýrslunni, það vantar áritaða eintakið í fundargögn.

Stefán svarar því að ársreikningur SV sé endurskoðaður, það vanti aðeins undirskriftir í

þinggögnum. Áritun ársreikninga er sannreynd

Þingforseti bar ársreikninga SV upp til atkvæðagreiðslu og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

SKÝRSLA STJÓRNAR LÍV

Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV flutti úrdrátt úr skýrslu stjórnar LÍV fyrir tímabilið nóvember 2013 - október 2015.

Fyrirspurnum var svarað um skýrsluna.

SKÝRSLUR AÐILDARFÉLAGA

Skýrslur aðildarféлага voru teknar saman í eitt hefti ásamt skýrslu LÍV og mátti þar finna ýmsar fróðlegar upplýsingar um starf starfsemi á síðustu tveimur árum.

ÁRSREIKNINGAR

Guðbrandur Einarsson kynnti ársreikninga LÍV 2013-2014. Þingforseti gaf orðið laust til umræðu og fyrirspurna um skýrslu stjórnar og ársreikninga, enginn tók til máls. Ársreikningar bornir upp til samþykktar og voru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

FJÁRHAGSÁÆTLUN

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, kynnti fjárhagsáætlun LÍV 2016 – 2017. Þingforseti gaf orðið laust, engin tók til máls og var fjárhagsáætlunin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

SKATTUR LÍV

Þingforseti lagði fram tillögu um að skattur til sambandsins fyrir árin 2016 og 2017 verði óbreyttur 3,25% af sama stofni og skattur ASÍ er reiknaður af. Guðbrandur Einarsson tók til máls, fór yfir tillöguna og í framhaldi bar þingforseti hana upp. Var tillaga um óbreyttan skatt til LÍV samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

EFNAHAGS- OG KJARAMÁL

Eftirfarandi ályktanir voru bornar upp og samþykktar.

Ályktun um efnahags- og kjaramál

29. þing LÍV áréttar mikilvægi þess að taka upp ný vinnubrögð við gerð kjarasamninga á Íslandi og að horft sé til þess hvernig við getum byggt upp kaupmátt með raunverulegum og varanlegum verðmætum. Ósamstaða, óróleiki og átök hafa einkennt vinnumarkaðinn frá því að ríkisvaldið í samningum við ákveðna hópa hafnaði þeirri launastefnu sem samið var um á almennum vinnumarkaði í árslok 2013.

Margir hópar hafa farið fram síðustu misseri og reynt að rétta sinn hlut, óháð því hvaða áhrif slíkt hefur á aðra hópa eða hagkerfið í heild sinni. Einnig hafði úrskurður gerðardóms neikvæð áhrif á þróun mála. Niðurstaðan er sú að horfur eru á vaxandi verðbólgu, veikingu íslensku krónunnar og hækkandi vöxtum. Á því munu allir tapa.

Við getum margt lært af öðrum Norðurlandabjóðum, sem tekist hefur að byggja upp kaupmátt í hægum en öruggum skrefum við meiri stöðugleika og lægri vexti en við eigum að venjast. Þar er lögð meiri áhersla á ábyrgð, aga og vandaðan undirbúning til að tryggja sem besta útkomu fyrir allt launafólk.



29. þing LÍV telur mikilvægt að vinnumarkaðurinn í heild sinni tileinki sér sömu vinnubrögð og liggja að baki hinu norræna vinnumarkaðsmódeli. Fyrsta skrefið í þá átt er að tryggja sem best jafnræði milli hópa í launaþróun á komandi misserum, þar sem litið verði til allra þátta þ.m.t.



lífeyrisréttinda. Til þess að það gangi eftir verða allir hópar að axla ábyrgð á breyttum vinnubrögðum.

Þannig getum við í sameiningu náð hámarksárangri við að byggja upp kaupmátt og efla líf skjör.

Ályktun um heilbrigðis- og húsnæðismál

29. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna hvetur stjórnvöld til að hverfa af braut aukinnar kostnaðarþátttöku almennings í lækni- og lyfjakostnaði. Hluti almennra líf skjara felst í góðu aðgengi að fullkominni heilbrigðisþjónustu, óháð efnahag. Slíkt aðgengi er best tryggt með því að kostnaður við reksturinn sé greiddur úr sameiginlegum sjóðum landsmanna.

Jafnframt kallar þingið eftir raunhæfri húsnæðisstefnu og aðgerða af hálfu stjórnvalda enda gera aðstæður á húsnæðismarkaði ungu fólki nánast ókleyft að tryggja sér húsnæði við hæfi á viðráðanlegum kjörum.

Ályktun um stuðning við kjarabaráttu starfsfólks Rio Tinto

Þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna lýsir fullum stuðningi við kjarabaráttu starfsfólks Rio Tinto í Straumsvík.

Starfsmenn fyrirtækisins heyja nú harða baráttu fyrir því að kjarasamningur milli aðila verði endurnýjaður en hann rann út fyrir tæpum tíu mánuðum. Fyrirtækið krefst þess að fá frekari heimildir til að auka verktakastarfsemi á vinnusvæði Ísal í Straumsvík á kostnað hefðbundinna launamanna. Þessi krafa er í samræmi við það sem Rio Tinto er að gera á alþjóðavísu og virðist markmiðið vera að svipta launamenn kjarasamningsbundnum réttindum. Slíkt er með öllu óásættanlegt og í andstöðu við grundvallarhugsjónir verkalyðshreyfingarinnar.

Þing LÍV skorar á Rio Tinto að ljúka gerð kjarasamnings sem allra fyrst, án þess að störf almennra starfsmanna verði sett í verktöku.

MENNTAMÁL

Ályktun um starfsmenntamál

Félagsmenn í Landssambandi íslenskra verzlunarmanna (LÍV) sinna fjölbreyttum störfum á íslenskum vinnumarkaði fleirum en aðeins þeim er snúa að verslun.

Hafa þarf hagsmuni þessa fjölbreytta hóps í huga þegar kemur að vali á leiðum í starfs- og símenntun.

LÍV vill þó að þessu sinni einkum minna á mikilvægi þess að raunfærnimat komist í framkvæmd og verði vel kynnt almenningi.



Raunfærnimatið verði í reynd virk leið til að bæta kjör og starfsfyllingu, öllum til hagsbóta; launafólki og atvinnurekendum sem skilar sér að lokum til viðskiptavina.

LÍV telur brýnt að samningsaðilar fylgi af fullum þunga eftir bókun í síðustu kjarasamningum um mat á námi til launa.

LÍV hvetur nefnd samningsaðila til skilvirkni þannig að fyrir 1. október 2016 liggi fyrir með hvaða hætti verður greitt fyrir hæfni sem metin er í starfi eins og stefnt er að í bókuninni. Hvatt er til að áfram verði unnið að hæfnigreiningu allra starfa.

LÍV hvetur jafnframt félagsmenn og atvinnurekendur til að huga sérstaklega að raunfærnimati einstaklinga með langan starfsaldur og mikla reynslu af vinnumarkaði – því að þekking og reynsla eru dýrmætir þættir sem meta þarf að verðleikum.

29. þing LÍV áréttar að allir eigi raunhæfan kost á starfsnámi, óháð aldri, uppruna og búsetu.

STJÓRNARKJÖR

Benedikt Vilhjálmsson lagði fram tillögu kjörnefndar til kosningu formanns, stjórnar og varastjórnar LÍV.

Engin mótframboð komu fram og var tillaga kjörnefndar samþykkt.

Formaður: Guðbrandur Einarsson

Aðalmenn í stjórn

Ólafía B. Rafnsdóttir, VR
Páll Örn Línadal, VR
Eiður Stefánsson, FVSA
Kristín María Björnsdóttir, VR
Gils Einarsson, VMS
Benóný Valur Jakobsson, VR

Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir, VR
Elva Hrönn Hjartardóttir, VR
Anna María Elíasdóttir, FVSA
Bjarni Daníelsson, VR
Hjörtur Geirmundsson, Vmf. Skagafjarðar
Júnía Þorkelsdóttir, VR
Bryndís Kjartansdóttir, VS

Varamenn í stjórn

KJÖRNEFND 30. ÞINGS

Samþykkt tillaga til næstu kjörnefndar

Sigurður Sigfússon
Kristín M. Björnsdóttir
Hjörtur Geirmundsson
Jóna Matthíasdóttir
Guðrún B. Hallbjörnsdóttir
Einar Hjartarson
Benedikt Vilhjálmsson

ÞINGLOK

Guðbrandur Einarsson, formaður LÍV þakkaði stuðninginn.
Þakkaði hann þingfulltrúum fyrir samveruna og skemmtilegt þing.
Þakkaði hann þingforsetum fyrir góða fundarstjórn. Starfsmönnum þingsins voru þökkuð störfín með lófaklappi.



Limra samin á 29. þingi LÍV **Höfundur: Þórey Inga Helgadóttir, þingfulltrúi VR**

Fjörugt var flugið að sunnan,
ég faðmaði félagsmann kunnan,
sem sat mér við hlið,
og hryllti sig við,
er flugvélin straukst yfir runnann.

Fundirnir fróðlega gengu,
fundarmenn uppgefnir héngu,
kaffið var búið, og bakkelsið lúið,
en allir samt munnfylli fengu.

Látum nú fundinum ljúka,
og leiðindi öll burtu rjúka,
gleðin við völd, djömmum í kvöld,
nú má sko fatnaður fjúka.

Nú halda skal til haga,
hér ekkert fór aflaga.
Takk fyrir mig, þið fáið öll stig,
fyrir LÍVlega samkundudaga.

FULLTRÚAR 29. ÞINGS LÍV Á AKUREYRI

Stéttarfélag Vesturlands

Helga Ólafsdóttir

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Þórdís G. Guðmundsdóttir

Stéttarfélagið Samstaða

Sigríður A. Guðmundsdóttir

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

Hjörtur Geirmundsson

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

Eiður Stefánsson

Einar Hjartarson

Erla Bjarnadóttir

Jón Grétar Rögnvaldsson

Sigurlaug Hinriksdóttir

Framsýn stéttarfélag

Jóna Matthíasdóttir

AFL Starfsgreinafélag

Lars J. Andrússon

Verslunarmannafélag Suðurlands

Gils Einarsson

Þór Hreinsson

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Guðbrandur Einarsson

Bryndís Kjartansdóttir

Sveinbjörg Sigurðardóttir

Kristín Njálsdóttir

VR

Aðalheiður S. Óladóttir

Andri Þ. Kristinsson

Árni Leósson

Áslaug Alexandersdóttir

Benedikt Geirsson

Benóný V. Jakobsson

Bergþóra Eiðsdóttir

Birgir M. Guðmundsson

Birgitta S. Valsson

Birgitta Ragnarsdóttir

Björg Sveinsdóttir

Bjarni Þ. Sigurðsson

Brynja R. Sigurðardóttir

Dóra Magnúsdóttir

Edda S. Einarisdóttir

Elías Magnússon

Ellen R. Baldvinsdóttir

Elva Hjartardóttir

Eva Indriðadóttir

Guðlaug R. Guðmundsdóttir

Guðrún B. Hallbjörnsdóttir

Guðrún Indriðadóttir

Halldóra M. Steinarsdóttir

Harpa Sævarsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Herdís Magnúsdóttir

Hrefna Þórisdóttir

Hrólfur Ö. Friðriksson

Ingibjörg Ó. Birgisdóttir

Ingimar Þorsteinsson

Jón Hrafn Guðjónsson

Júlíana Pálsdóttir

Kristinn Ö. Jóhannesson

Kristín M. Björnsdóttir

Kristjana Þ. Jónsdóttir

Lára B. Ágústsdóttir

Linda Rós Reynisdóttir

Magnús Þorsteinsson

Ólafía B. Rafnsdóttir

Ólafur R. Gunnarsson

Óskar Guðmundsson

Salbjörg Ólafsdóttir

Selma B. Grétarsdóttir

Sigríður Á. Hallgrímsdóttir

Sigrún Birgisdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir

Stefán Á. Stefánsson

Stefán Sveinbjörnsson

Stefán V. Egilsson

Steinunn Böðvarsdóttir

Svanhildur Ó. Þórsteinsdóttir

Unnur M. Pálmadóttir

Valur M. Valtýsson

Valva Árnadóttir

Viðar Ingason

Þorbjörg H. Harðardóttir

Þorsteinn Þórólfsson

Þóra -Skúladóttir Öfjörð

Þórey I. Helgadóttir

Þröstur Ríkarðsson

Áheyrnafulltrúar

Teitur Lárusson, VR

Salbjörg Björnsdóttir, VS

